

## REGLUGERÐ

109

29. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 1. töluliðar 3. gr. bætist: Kópavogskaupstaður Y.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 23 16. júní 1941, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1955.*

F. h. r.

e. u.

**Baldur Möller.**

Staðfesting forsetans á viðaukaskipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð, útgefin á **110** venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. sept. 1955. **12. sept.**  
Viðaukaskipulagsskráin er þannig:

## VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landgræðslusjóð.

1. gr.

Viðauki þessi er gerður á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 25. júní 1955, samkvæmt tillögu stjórnar félagsins.

2. gr.

7. gr. skipulagsskrár Landgræðslusjóðs, nr. 94 18. júní 1946, hljóði þannig:

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánnum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. grein, gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánnum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna, er stjórn hans heimilt að verja allt að  $\frac{3}{4}$  vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

Fé það, sem rennur í sjóðinn, vegna ákvæða í lögum um álag á vindlinga, má nota á eftirfarandi hátt:

1. Allt að 15% til útvegunar fræs og frækaupa.
2. Allt að 60% sem styrk til gróðrarstöðva í hlutfalli við framleiðslu þeirra, samkvæmt reglum, er stjórn sjóðsins setur.
3. Allt að 10% í tilraunaskyni vegna gróðursetningar ýmissa trjátegunda.